

Baldur Sigurðsson (1919-1979), bóndi og Anna Helgadóttir (1917-1983), húsfreyja á Syðri-Hóli í Öngulsstaðahreppi.

Afhending 2020/11

Baldur Sigurðsson fæddist 1. júní 1919 á Syðra-Hóli og lést 2. nóvember 1979 á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Foreldrar hans voru Sigurður Sigurgeirsson, bóndi á Syðri-Hóli og kona hans Emilía Baldvinsdóttir. Baldur átti fimm systkini.

Anna Helgadóttir fæddist 31. maí 1917 á Þórustöðum og lést 23. október 1983 á Syðra-Hóli. Foreldrar hennar voru Helgi Stefánsson, bóndi á Þórustöðum og kona hans Þuríður Pálsdóttir. Anna átti þrjú alsystkini og þrjú hálsystkini.

Baldur og Anna eignuðust þrjú börn, tvær dætur og einn son sem gerðust öll kennarar.

Baldur bjó alla tíð að Syðri-Hóli og ráku hann og Anna þar sinn búskap. Eftir andlát Baldurs 1979 hélt Anna búskapnum áfram fram á dánardag með dóttur þeirra Baldurs, Emilíu.

Hjónin voru virk í félagsmálum í sveitinni. Anna starfaði í kvenfélaginu og bæði tóku þau þátt í starfi leikfélagsins í sveitinni og sungu í kirkjukórnum.

Útför beggja hjónanna fór fram frá Kaupangskirkju.

Afhendingin barst frá dóttur Baldurs og Önnu, Emilíu Baldursdóttur frá Syðra-Hóli en afhending 2017/117 er einnig frá þeim hjónum.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
8. júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2020 / 11

A-Baldur Sigurðsson og Anna Helgadóttir

A-Baldur Sigurðsson og Anna Helgadóttir

1907 - 1965

A	1	1	1907 - 1957	Lög og samþykktir Kaupfélags Eyfirðinga (1907, 1911, 1934 og 1957).
A	1	2	-	Handrit fyrir leikritið "Hjónabandsskrifstofan Amor", skopleikur í einum þætti; hlutverk Friðrik Pilegaard í leikritinu "Hjónabandsskrifstofan Amor" sérskrifað í stílabók.
A	1	3	-	Sjónleikurinn "Almannarómur" eftir Stein Sigurðsson.
A	1	4	-	Hlutverk Grímu í óþekktu leikriti
A	1	5	-	Tvær rullur úr leikritinu "Prestskosningin" fyrir persónunar Olgeir og Jón.
A	1	6	1965 - 1965	Leiðbeiningar með heyþyrlu, Land-Rover árg. 1965 og Farmall Cub.
A	1	7	1930 - 1930	Orðsending frá undirbúningsnefnd Alþingishátíðar 1930.